

Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Skrifstofa stjórnunar og umbóta
Arnarhvoli við Lindargötu
101 Reykjavík
fjr@fjr.is
Sent í Samráðsgátt

Reykjavík, 7. ágúst 2024

Umsögn Samtaka iðnaðarins um drög að frumvarpi til laga um skipan upplýsingatækni í rekstri ríkisins, mál nr. S-142/2024

Samtök iðnaðarins og Samtök upplýsingatæknifyrirtækja, starfsgreinahópur innan SI (hér eftir „SI“ og „SUT“ eða „samtökin“ eftir atvikum) hafa tekið til umsagnar áform um frumvarp til laga um högun í upplýsingatækni í rekstri ríkisins, mál S-142/2024.

Samtökin hafa áður komið á framfæri athugasemdum við málið, sbr. mál nr. 148/2023 og 52/2024, og vísa til og ítreka athugasemdir í umsögnum samtakanna dags. 30. ágúst 2023 og 6. mars 2024. Í ljósi breytinga á 5. gr. frumvarpsdraganna vilja samtökin til viðbótar koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum.

Um 2. og 3. mgr. 5. gr.

Samtökin telja að orðalag 2. mgr. 5. gr. frumvarpsins, um heimild ráðherra til að ganga til samninga um kaup á upplýsingatæknilausnum sem munu teljast til sameiginlegra stafrænna innviða, sé of opið og óljóst sé hvernig ráðherra hyggist útfæra hvaða hlutar innviðanna teljist nauðsynlegir til að innleiða og reka upplýsingatæknikerfi í samræmi við orðalag ákvæðisins. Í 2. mgr. 5. gr. koma fram skilgreiningar á hvaða stafrænu innviðir geti talist sameiginlegir. Sá listi er ekki tæmandi en spannar ýmsa innviði sem nýtast við almennan rekstur stofnana ríkisins.

Með b.-lið 3. mgr. ákvæðisins, sem er viðbót frá fyrri drögum að frumvarpinu, er ráðherra gert heimilt að ákveða hvort og að hvaða marki ríkisaðilum sé skylt að nota sameiginlega stafræna innviði. Þrátt fyrir að samtökin sýni því skilning að með þessari breytingu sé brugðist við athugasemdum Ríkisendurskoðunar í skýrslu um samning ríkisins við Microsoft frá því í október 2023 þar sem bent var á soun við tvöföld innkaup hugbúnaðarleyfa, þá er orðalag ákvæðisins með þeim hætti að um er að ræða verulega óljósa heimild ráðherra til ákvörðunartöku samkvæmt ákvæðinu. Þá telja samtökin ekki útilokað að heimildin geti hamlað aðkomu einkamarkaðarins almennt að upplýsingatækni í rekstri ríkisins. Nauðsynlegt er að líta til nýskapandi lausna sem nú þegar eru til staðar en hafa ekki átt brautargengi inn í kerfið vegna óskýrra gæðakrafna, vöntunar á stöðlun í

högun upplýsingatækni í rekstri ríkisins, misjafnrar túlkunar á útboðsreglum og misvísandi skilaboða frá hinu opinbera, sbr. athugasemdir samtakanna í fyrri umsögnum. Þrátt fyrir orðalag greinargerðar með ákvæðinu um að ekki sé gert ráð fyrir að ráðherra beiti þessari heimild nema í sérstökum tilvikum, þá er ljóst að hvatning til nýsköpunar verður verulega takmörkuð og háð geðþóttaákvörðun ráðherra hverju sinni hvort tiltekin lausn hljóti brautargengi.


Fram kemur í c.-lið í 3. mgr. sama ákvæðis að ráðherra sé heimilt að fela sérstökum starfseiningum eða ríkisaðila sem starfi á hans ábyrgð rekstur og umsjón sameiginlegra stafrænna innviða. Samtökin lýsa yfir áhyggjum af opnu orðalagi í umræddum tölulið og telja að óljóst sé hvernig „rekstur og umsjón sameiginlegra stafrænna innviða“ í c. lið 3. mgr. sé skilgreint, að orðalagið opni möguleika á ríkisvæðingu að þessu leyti og að erfitt gæti verið fyrir einkaaðila á markaði að koma sínum lausnum að þegar ekki er kveðið á um útvistun að hluta.

Þrátt fyrir að í d.-lið sama ákvæðis sé ráðherra veittur sá möguleiki að veita öðrum en ríkisaðilum heimild til að nýta sameiginlega stafræna innviði ríkisins, sem getur verið til þess fallið að ýta undir nýsköpun sem er vel, þá undirstrika samtökin engu að síður að orðalag ákvæðisins í heild er mjög opið. Samtökin hvetja ráðuneytið til þess að tilgreina með skýrum hætti í frumvarpinu hvernig ráðherra hyggist tryggja gagnsæi í innkaupum hins opinbera til að stofnanir ríkisins og einkaaðilar á markaði sitji við sama borð.

Lokaorð

Þrátt fyrir framangreindar athugasemdir fagna samtökin því að til standi að auka skilvirkni í rekstri ríkisins á upplýsingatækni og telja viðeigandi að málflokkurinn heyri undir fjármálaráðuneytið. Samtökin ítreka það sem áður hefur komið fram að þau telja mikilvægt að einn aðili í stjórnarráðinu hafi yfirumsjón með málaflokknum og geti veitt leiðsögn og tilmæli til opinberra stofnana um skilvirkari, gagnsærri og öruggari rekstur á sameiginlegum innviðum. Dreifstýring á rekstri og högun upplýsingatækni er algeng á Íslandi, sérstaklega þegar litið er til smæðar landsins og því gríðarlega mikilvægt að tæknileg viðmið séu samræmd, ekki aðeins til þess að tryggja rekstrarhagræði fyrir hið opinbera, heldur einnig til þess að auka samræmd viðmið og líkur á því að einkaaðilar geti hagnýtt opinber gögn og þróað vörur og þjónustu sem hið opinbera getur nýtt til þess að bæta þjónustu og auka rekstrarhagræði enn frekar.

Virðingarfyllt,
f.h. SI og SUT



Erla Tinna Stefánsdóttir,
viðskiptastjóri á iðnaðar- og hugverkasviði SI